

Efni: Úttekt á smávirkjanakostum í Eyjafirði

Kæru sveitarstjórar í Eyjafirði

Eitt af verkefnum í Sóknaráætlun Norðurlands eystra er að skoða möguleika á sjálfbærni í raforkunotkun með smávirkjunum. Þar kemur fram að ef greina eigi möguleika smávirkjana í landshlutanum, þá skuli það verkefni vera í höndum AFE í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð.

AFE óskar því hér með eftir heimild sveitarfélaganna í Eyjafirði til að hafa milligöngu um að leita tilboða í verkið. Það væri svo í höndum hvers sveitarfélags að taka tilboðinu. Með þessum hætti væri mögulega hægt að ná fram hagstæðari tilboðum og mögulega styrki á móti framlögum sveitarfélaganna. Stefnt er að því að tilboðin liggi fyrir áður en fjárhagsáætlunarvinna sveitarfélaga hefst fyrir árið 2018.

Dalvíkurbyggð lét gera úttekt árið 2015 á smávirkjanakostum í sveitarfélaginu, ekki síst virkjanakostum sem gætu selt rafmagn inná dreifikerfið og stuðlað að atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Þykir skýrslan vel heppnuð og er nú verið að skoða nokkra af þeim virkjunarkostum sem fram komu í skýrslunni. Orkustofnun hefur einnig hvatt til þess að smávirkjanakostir séu skoðaðir og m.a. kortlagt ýmsa kosti.

Smávirkjanir munu ekki leysa orkuvanda Eyfirðinga en þær eru góð viðbót og þykja sérstaklega hagkvæmar í mörgum tilfellum þar sem framleiðslan er nálægt notandanum. Mjög lítil raforkuframleiðsla er á svæðinu og myndi tilkoma smávirkjana styrkja raforkukerfið á svæðinu.

Með fyrir fram þökkum,
starfsfólk AFE